

Alþingi
Erindi nr. P 141/1751
komudagur 25.2.2013

25.2.2013

Góðan dag.

m.f. er umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, umsögnin verður jafnframt send í pósti.

Erindi frá nefndasviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 204. mál.

Með tölvupósti 4. febrúar er óskað umsagnar sveitarstjórnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis) Sveitastjórn Skútustaðahrepps leggst alfarið gegn frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Verði framkomið frumvarp að veruleika og þar með hækkaður lámarsfjöldi fulltrúa í sveitarstjórnnum frá því sem nú er, hefur það verulega íþyngjandi áhrif fyrir sveitarfélögin með tilliti til kostnaðar í stjórnsýslunni, auk þess sem ekki verður séð að það bæti stjórnsýsluna með neinum hætti heldur þvert á móti þyngi báknið. Erfitt er að sjá rökin fyrir því að fjölga þurfi t.d. borgarfulltrúum Reykjavíkur í 61 á meðan Alþingi Íslendinga telur ekki nema 63 þingmenn, eða að fámennustu sveitarfélögin skuli ekki hafa færri en 7 sveitarstjórnarfulltrúa. Þá gerir sveitarstjórn einnig athugasemdir við að niðurstaða íbúakosninga eigi að vera bindandi fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórnarmenn geta aldrei verið bundnir af neinu öðru en sinni sannfæringu við afgreiðslu mála en ekki sannfæringu annarra. Jafnframt er gerð athugasemd við 5. gr. þar sem segir: „Ef minnst 10% af þeim sem eiga kosningarétt í sveitarfélagi óska borgarafundar....skal verða við þeirri beiðni svo fljótt sem unnt er...“. Náí þessi breytinga fram að ganga þýðir það að í fámennustu sveitarfélögum þarf ekki nema eina fjölskyldu eða heimilisfólk á einum bæ, til að óska eftir borgarafundi.

Kv

Guðrún M. Valgeirsdóttir
Sveitarstjóri Skútustaðahrepps
864-4141/464-4163